

Fyrsti fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn þriðjudaginn 18. september, 2012, klukkan 18:30, á veitingastaðnum Pisa Lækjargötu 6b.

Á fundinum var rætt um starfið framundan og sagt frá alþjóðaráðstefnunni sem Gammakonur sóttu í sumar ásamt því að njóta þess að spjalla saman eftir sumarið.

Þeim sem höfðu tök á var boðið að mæta við stytta af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli kl 17.30, þar sem Svana Friðriksdóttir leiddi okkur um stytta miðbæjarins út frá verkefni sem hún vann í meistaranámi sínu í menntunarfræðum með áherslu á list- og verkgreinar. Það var bæði fróðleg og skemmtileg ganga. Tólf konur mættu í gönguna í blíðskaparveðri.

Fundinn sáttueftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Svana Friðriksdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Þórunn Björnsdóttir.

Tekið fyrir:

Fundarsetning Formaður, Árný Elíasdóttir, setti fund kl. 18:30, bauð konur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 18 konur fundinn. Árný greindi frá því að ný stjórn hafi skipt með sér verkum: Árný Elíasdóttir formaður, Björk Einisdóttir ritari, Margrét Jónsdóttir meðstjórnandi, Ragnhildur Þórarinsdóttir gjaldkeri og Svana Friðriksdóttir varaformaður. Því næst kynnti hún vetrarstarfið í stuttu máli og hvatti konur til að koma með hugmyndir ef þær hefðu eitthvað fram að færa í tengslum við áherslurnar. En næstu tvö árin verða helguð útfærslu á grunnþáttum menntunar sem í nýjum aðalnámskrám frá 2011 eru þeir sömu fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir eru: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Horft verður á þessa þætti frá víðu samhengi.

Innheimta félagsgjalda Ragnhildur sagði frá hvenær hún hyggt innheimta félagsgjöldin, sem verða óbreytt í ár eða 9000 krónur.

Orð til umhugsunar Björg Eiríksdóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagði okkur frá því sem henni fannst standa upp úr hjá sér í skólalífinu í haust og sumar. Í ágúst var hún, ásamt 150 kennurum víða að úr heiminum á öllum skólastigum, á ráðstefnu um Söguaðferðina, sem hún og Guðmundur Kristmundsson sáu um. Hún sagði m.a. að söguaðferðin væri notuð til að fjalla um hafið í leikskólanum Krummakoti í Eyjafirði og til að kenna hermönnum ensku í háskólanum í Tomsk í Rússlandi, til að kenna þýskum kennaranemum góða leið við að kenna ensku þar í landi, til að kenna börnum um lífið frá vöggu til grafar í Kársnesskóla, til að kenna börnum um náttúruna og hvernig hægt er að varðveitt hana í Oregon í Bandaríkjunum. Svo sagði hún frá því að í skólabyrjun hafi hún fengið í hendurnar 5. bekk sem hún mun hafa umsjón með í vetur og sennilega næstu tvö árin. Í bekknum eru 25 nemendur, myndarlegir, skemmtilegir og ólíkir krakkar. Hún sagði tvennt í stöðunni, að fallast hendur eða beita öllum þeim aðferðum, þekkingar og hyggjuvits, sem hún hefur safnað í sarpinn á þeim 40 árum sem hún hefur kennt, trúa á nemendur sína og vita að þeir geta svo margt, venjulega töluvert meira en maður heldur í upphafi og vera opinn fyrir þeirra hugmyndum og væntingum. Skapa ákveðinn ramma í skólastofunni hvar sem hún er þar sem allir fá aðstöðu til að læra, enginn má trufla hina, hávaði má ekki vera of mikill og allir eiga að vera tillitssamir. Björg sagði það stórt verkefni og spurði okkur jafnframt hvort það væri mögulegt.

Matur borinn fram Boðið var upp á dýrindis fiskisúpu og brauð á 1250 krónur fyrir manninn.

Alþjóðasambandsþingið Hertha W. Jónsdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir sögðu frá alþjóðasambandsþinginu sem haldið var í New York í lok júlímánaðar og hópur íslenskra kvenna sótti. Ingibjörg byrjaði á því að segja frá ævintýralegum samskiptum þeirra Herthu við Delta flugfélagið á flugvellinum á leiðinni út.

Alþjóðþingin eru fyrst og fremst endurmenntun og þau auka möguleika okkar á að koma áherslum okkar á framfæri. Þingið var bæði skemmtilegt og einstaklega vel skipulagt. Haldnir voru fjöldi fyrirlestra og í hópi fyrirlesara voru nokkrar íslenskar konur og þar á meðal Ingibjörg Jónasóttir og Ingibjörg Einarsdóttir úr Gammadeild. Haldin var minningarathöfn um konur sem látist höfðu á síðastliðnum tveimur árum. Mikil samkennd fer um salinn á þessum athöfnum. Fjórar íslenskar konur voru í þessum hópi í ár og þar af tvær Gammakonur, þær María Kjeld og Eygló Eyjólfssdóttir. Hertha benti á mikilvægi þess að skýrslurnar frá deildunum berist í tæka tíð til alþjóðasambandsins.

Á þinginu var Dr. Beverly H. Helms kosin alþjóðaforseti til næstu tveggja ára. Einkunnarorð hennar fyrir næstu tvö árin eru: *Sharing out Vision. Strengthening our Society*. Þær Hertha og Ingibjörg sögðu einnig frá því að ný stjórn í Evrópu Forum fyrir næstu tvö árin (2012–2014) hafi verið kosin og að við gætum verið stoltar af því að okkar kona, Ingibjörg Jónasdóttir, mun sitja í stjórn Evrópu forum næstu tvö árin.

Fundarlok Formaður færði Ingibjörgu, Herthu og Svönu rósir sem þakklætisvott fyrir framlag þeirra til fundarins, slökkti á kertunum þremur og sleit fundi klukkan 20:00.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.